



42. Þing Skotípróttasambands Íslands.

Þingið var haldið á rafrænu formi (TEAMS) sem fjárfundur þann 17. október 2020 í ljósi COVID-19 aðstæðna í þjóðfélaginu.

Þingsetning.

Halldór Axelsson, formaður STÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Í ljósi þess að ekki var hægt að halda þingið á hefðbundinn máta var ljóst að hefðbundin þingstörf myndu raskast að hluta til, m.a. kosning í kjörbréfanefnd og í starfsnefndir þingsins sem þó voru að hluta einfaldar að þessu sinni þar sem þinginu bárust engar tillögur að lagabreytingum, framboðum til stjórnar eða öðrum athugasemdum innan lögsetts tímaramma.

Borin var því upp tillaga um að haldið væri utan um lögmæti fulltrúa þingsins af starfsmönnum þingsins (gjaldkeri og varaformaður STÍ) og að ekki yrði kosið sérstaklega í aðrar starfsnefndir þingsins þar sem ekki lægu fyrir tillögur um breytingar sem snéru sérstaklega að þeim. Tillagan var samþykkt samhljóða. Sömu leiðis var óskað eftir því að fundurinn yrði tekinn upp og var það einnig samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar.

Skotþing ársins 2020 er nú haldið mun síðar en áætlað var vegna Kóróna-faraldurs. Þrátt fyrir seinkun fjallar þingið eingöngu um málefni ársins 2019.

Vegna samkomubanns er okkur ómögulegt að halda þingið með hefðbundnum hætti og vonum við að með því rafræna formi sem við munum nú reyna í fyrsta skipti að þingið fari fram með besta hætti sem mögulegur er við breyttar aðstæður.

Það einfaldar störf þingsins að ekki eru kosningar í stjórn og engar lagabreytingar liggja fyrir þinginu. Engin málefni bárust þinginu innan lögboðsins tímaramma, en eitt erindi barst nú rétt fyrir þing og verður það kynnt undir liðnum önnur mál.

Þær heiðranir og viðurkenningar sem áætlað var að standa að á þinginu verða framkvæmdar við fyrsta mögulega tækifæri í lögbundnu umhverfi.

Ég vil áður en að við hefjum hefðbundin þingstörf minnst fallins féлага Gunnars Sigurðssonar. Gunnar lést á sjúkrahúsi á Kanaríeyjum á Spáni annan október síðastliðin.

Vil ég biðja þingfulltrúa að minnst Gunnars með mínútu þögn.

Á síðastliðnu ári voru mikla breytingar á starfsemi ISSF. Þar var kjörinn nýr formaður og að stórum hluta ný stjórn. Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar var að leggja niður núverandi kerfi við menntun þjálfara og dómara og aflýsa öllum verkefnum tengdum ISSF Academy (Fræðslusetur ISSF). Þessir þættir eru nú í endurskoðun hjá Alþjóðasambandinu og er orðin löng bið í nýtt skipulag. Þessar breytingar settu strik í reikninginn varðandi okkar áætlanir tengdum þjálfara og dómaramenntun. Þangað til að þessi mál skýrast verðum við að sinna þessum málaflokki á annan hátt og munum við fjalla um okkar möguleika síðar undir liðnum önnur mál.

Breytingar sem voru áætlaðar á skráningum og ranklistum eru hafnar og munu viðurkenningar verða veittar eftir nýju kerfi við athöfn sem áður er nefnd. Vinna við fræðsluefni er hafið og hefur Robert Pakk umsjón með þeirri vinnu.

Afreksstarf ársins 2019 er hér kynnt með skýrslu stjórnar sem var unnin fyrir upphaflega dagsetningu þings og send til ÍSÍ í kjölfarið. Viljum við benda á að sum atriði í skýrslunni bera þess merki að hún er rituð fyrir Kórónu ástandið.

Afreksstarf STÍ árið 2019 – þessi hluti var ekki lesinn upp sérstaklega á þinginu en vísað í skýrslu stjórnar sem send var þátttakendum í upphafi þingsins.

Afreksstarf hefur gengið vel á árinu en kannski örlítið vantað uppá lokaárangur á mótum hjá keppendum okkar. Helstu punktar úr starfinu fylgja hér á eftir.

FEBRÚAR:

Sigurður Unnar Hauksson keppti í skeet á Grand Prix mótinu á Kýpur í febrúar. Hann náði þar ágætis árangri og hafnaði að lokum í 22.sæti af 106 keppendum með 117 stig. Hann var búinn að vera þar í æfingabúðum vikuna á undan með þjálfara sínum, Peeter Pakk.

MARS:

Ásgeir Sigurgeirsson keppti í loftskambyssu á Evrópumeistaramótoinu í Króatíu í mars. Hann hafnaði í 52.sæti af 78 keppendum með 568 stig. Jórunn Harðardóttir keppti einnig í loftskambyssu og varð í 59.sæti af 63 keppendum með 543 stig.

Á heimsbikarmótinu í Mexíkó áttum við 3 keppendur. Hákon Þ.Svavarsson varð í 56.sæti með 115 stig, Sigurður Unnar Hauksson í 80.sæti með 111 stig og Stefán Gísli Örlygsson í 94.sæti með 105 stig. Keppendur voru alls 95.

Robert Pakk kom og hélt 2ja daga málþing í lok mars með afreksmönnum í haglabyssu.

APRÍL:

Þrjú skeet menn héldu svo til keppni í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum í apríl. Sigurður Unnar Hauksson varð í 109.sæti með 111 stig, Stefán Gísli Örlygsson í 99.sæti með 110 stig og Hákon Þór Svavarsson í 102.sæti með 109 stig. Alls mættu 125 keppendur til leiks.

Ásgeir Sigurgeirsson keppti á heimsbikarmótinu í Kína í lok apríl. Hann endaði þar í 35.sæti með 576 stig en keppendur voru 97 talsins.

MAÍ:

Sigurður Unnar Hauksson keppti á heimsbikarmótinu í Suður Kóreu í byrjun maí. Hann endaði í 79.sæti með 108 stig en keppendur voru 84.

Ásgeir Sigurgeirsson keppti í loftskambyssu á heimsbikarmótinu í München í Þýskalandi í lok maí. Hann hafnaði í 60.sæti með 572 stig en keppendur voru 162.

JÚNÍ:

Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í Svartfjallalandi um mánaðamótin maí/júní. Ásgeir Sigurgeirsson sigraði í loftskammbýssu með 243,9 stig (576) í úrslitum og Ívar Ragnarsson varð í 5.sæti með 169,8 stig (561). Jórunn Harðardóttir keppti í loftskammbýssu kvenna og endaði í 9.sæti með 539 stig sem nægði ekki til að komast í úrslit. Í loftrifflí komst Guðmundur Helgi Christensen í úrslit með 593,7 stig en endaði þar í 8.sæti. Í kvennaflokki komst Íris Eva Einarsdóttir í úrslit með 599,4 stig en endaði í 8.sæti. Jórunn Harðardóttir náði í 591,6 stig en komst ekki í úrslit.

Fjöldi keppenda tók tók þátt í Grand Prix opnum mótum í byrjun júní. Bestum árangri náði Hákon Þór Svavarsson á Opna Grand Prix mótinu á Kritt en hann náði þar 116 stigum sem dugði honum í 8.sæti af 33 keppendum.

Evrópuleikarnir fóru að þessu sinni fram í Minsk í Hvíta Rússlandi í júní. Ásgeir Sigurgeirsson keppti í loftskammbýssu og var langt frá sínu besta. Hann endaði í 32.sæti af 36 keppendum með 565 stig. Hákon Þór Svavarsson keppti í skeet og endaði í 26.sæti af 29 keppendum með 109 stig.

JÚLÍ:

Heimsmeistaramótið í haglabýssu var haldið á Ítalíu í byrjun júlí. Sigurður Unnar Hauksson varð í 53.sæti með 117 stig, Hákon Þór Svavarsson í 91.sæti með 112 stig og Guðlaugur Bragi Magnússon í 119.sæti með 102 stig. Í liðakeppninni höfnuðu þeir í 26.sæti af 32 liðum.

Á landsmóti STÍ í skeet, sem haldið var á Akranesi um miðjan júlí, bætti Helga Jóhannsdóttir eigið Íslandsmet í greininni 101 stig. Einnig jafnaði Sigurður Unnar Hauksson karlametið 121 stig.

ÁGÚST:

Á heimsbikarmótinu í skeet sem haldið var í Lahti í Finnlandi í lok ágúst, varð Sigurður Unnar Hauksson í 48.sæti með 116 stig, Hákon Þór Svavarsson í 106.sæti með 106 stig og Guðlaugur Bragi Magnússon í 116.sæti með 104 stig. Jafnframt keppti Stefán Gísli Örlygsson sem MQS keppandi og náði þar 115 stigum sem tryggði honum þátttökurétt á Evrópumeistaramótinu sem fram fór í september. Alls voru keppendur 129 talsins í karlaflokki. Helga Jóhannsdóttir hafnaði í 70.sæti með 82 stig í kvennaflokki en keppendur voru 72.

Í lok ágúst keppti Ásgeir Sigurgeirsson í loftskammbýssu á heimsbikarmótinu í Brasilíu. Hann hafnaði í 23.sæti með 575 stig en keppendur voru all 87 talsins.

SEPTEMBER:

Á opna Reykjavíkurmótinu í skeet, sem haldið var í byrjun september, jafnaði Pétur T. Gunnarsson Íslandsmetið 121 stig.

Evrópumeistaramótið í haglabýssu fór fram á Ítalíu um miðjan september. Hákon Þór Svavarsson varð í 57.sæti með 113 stig, Stefán Gísli Örlygsson í 65.sæti með 110 stig og Sigurður Unnar Hauksson í 69.sæti með 108 stig en alls voru keppendur 74. Í liðakeppninni urðu þeir í 18.sæti af 19 liðum.

Evrópumeistaramótið í riffilgreinum fór fram í Bologna á Ítalíu um miðjan september. Jón Þór Sigurðsson var eini keppandi okkar þar og endaði hann í 63.sæti með 613,0 stig en alls voru keppendur 66 talsins.

OKTÓBER, NÓVEMBER, DESEMBER:

Keppnum ISSF og ESC á árinu er lokið og næstu mót sem telja til ÓL hefjast í febrúar 2020.

Undirbúningur fyrir þau byggjast á æfingaferðum innanlands og utan. Ásgeir tók þátt í æfingabúðum fyrir topp-skyttur innan NSR í Odense í Danmörku.

ANNAÐ:

- Ásgeir keppti með liði sínu, Sgi Ludwigsburg, í þýsku deildinni og endaði sem Þýskalandsmeistari í vor.
- Keppnisfólk hefur farið í fjölda æfingabúða bæði hér heima sem og erlendis. Eins hafa þjálfarar notað Skype óspart og sparað okkur talsverðar upphæðir með því móti. Robert hefur komið sterkur inn bæði til aðstoðar á sálræna sviðinu sem og við innra skipulag á afreksstarfinu.
- Alþjóða skotíþróttasambandið, ISSF, hefur bætt við einu móti í lok maí 2020 sem gefur kost á kvóta plássi í kúlugreinum á Ólympíuleikana. Mótið fer fram í Plzen í Tékklandi. Það gefur Ásgeiri möguleika á að tryggja kvótapláss fyrir okkur ef vel gengur. Einnig gefst haglabyssuskyttum möguleiki á kvótaplássi á Evrópumeistaramótinu í Frakklandi sem stendur yfir dagana 6.-20.maí 2020. Nú hefur báðum þessum mótum verið frestað og nýjar dagsetningar liggja ekki fyrir.
- Staða afreksmanna okkar á heims-og Evrópulista er nú þannig að Ásgeir Sigurgeirsson er nr. 40 í Evrópu en 62 á heimslista, Sigurður Unnar Hauksson nr. 82 í Evrópu og 100 á heimslista, og Hákon Þór Svavarsson er nr. 111 á Evrópulista og 133 á heimslista.

Þrátt fyrir að þing ársins 2020 eigi eingöngu að fjalla um árið 2019 teljum við okkur skylt að fjalla um nokkur atriði sem tengjast þeim aðstæðum sem að við búum við í dag síðar undir liðnum önnur mál.

Ég vil að lokum þakka sambandsaðilum samstarfið á árinu 2019 og vona að þingfulltrúar sýni okkur skilning við framkvæmd þessa þings og aðstoði okkur við að gera þessa samskiptaleið mögulega nú og í nánustu framtíð.

Fyrir hönd Skotíþróttasambands Íslands

Halldór Axelsson
formaður

[Starfsmenn þingsins staðfestu fjölda þingfulltrúa \(21\) á fjarfundinum og að þátttakendum bæri saman við kjörbréf sem send voru frá héraðssamböndum og íþróttabandalögum fyrir fundinn.](#)

[Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga fram til samþykktar](#)

Guðmundur Kr. Gíslason kynnti reikninga sambandsins. Mikið var að gera árið 2019 og voru hækkanir á Lottótekjum, útbreiðslustyrk og leiðréttingu hans, styrkjum frá ÍSÍ (Afrekssjóður og Ólympíusamhjálpin) og öðrum styrkjum og hlut keppenda ásamt keppnisgjöldum. Stærsti útgjaldabátturinn á árinu 2019 var ferðakostnaður erlendis, rúmar 12 milljónir króna. Tekjur

sambandins voru 30,3 milljónir en gjöldin um 29,6 milljónir. Litlar sem engar skammtíma- né langtímaskuldir hvíla á sambandinu og er eiginfjárstaða félagsins rúmlega 15 milljónir króna.

Félagið var því á góðum stað fjárhagslega til að takast á við verkefni ársins 2020 sem hins vegar hafa mikið til dottið upp fyrir eða frestast vegna COVID-19. Hafa þarf í huga að styrkir úr afrekssjóði eru ekki endanlega greiddir út nema gegn framvísun kostnaðarreikninga sem er nokkuð sem þarf að taka á í reikningum ársins 2020.

Reikningar voru lagðir fyrir til umræðu. Engar athugasemdir komu fram.

Reikningar voru lagðir fram til samþykktar. Reikningar voru samþykktir samhljóma.

Stjórn STÍ leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun stjórnar fyrir árið 2020 sem upphaflega var sett upp fyrir skotþing í vor. Fjárhagsáætlun var kláruð á sömu nótum með rauntölum fyrir t.d. þátttöku í erlendum mótum.

GJÖLD:	Krónur
Þjálfun, kennsla, námskeið ofl.	8.000.000
Skrifstofukostnaður	4.500.000
Afrekssvið, ráðgjöf ofl.	3.500.000
Þátttaka í erlendum mótum	1.500.000
Annað ófyrirséð	3.000.000
	Alls 20.500.000

TEKJUR:	
Lottó	5.000.000
Útbreiðslustyrkur	2.000.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	3.000.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Landsliðsverkefni	8.500.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Fagteymi/fræðsla afrekshópa	350.000
Ólympíusamhjálp v. Ásgeir Sigurgeirsson	1.200.000
Aðrar tekjur	2.500.000
	Alls: 22.550.000

TEKJUAFGANGUR **2.050.000**

Fjárhagsáætlun var lögð fyrir til umræðu. Engar athugasemdir komu fram.

Fjárhagsáætlun var lögð fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóma.

Engar lagabreytingar voru lagðar fram fyrir þingið.

Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagaskiptagjaldi til Stí.

Tillaga frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra: Keppnisgjald kr. 2,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti Félagaskiptagjald kr. 6,000.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

Kosning í stjórn STÍ.

Framboð til stjórnar STÍ - Starfsárið 2020-2021:

- Formaður situr áfram í 1 ár:
 - Halldór Axelsson, SR
- Í framboði um tvö sæti í aðalstjórn til 2ja ára:
 - Guðmundur Kr. Gíslason, SR Jórunn Harðardóttir, SR
- Í framboði til varastjórnar til 2ja ára:
 - Kristvin Ómar Jónsson, SKV, í varastjórn
- Áfram sitja í 1 ár:
 - Ómar Örn Jónsson, SA, í aðalstjórn
 - Kjartan Friðriksson, SR, í aðalstjórn
 - Helga Jóhannsdóttir, SFS, í varastjórn

Tilkynning um framboð ofangreindra barst stjórn STÍ innan tilskilins frests.

Önnur framboð bárust ekki. Sjálfkjörið er því í stjórn STÍ.

Tillaga fráfarandi stjórnar um eftirtalda nefndarmenn:

Skoðunarmenn reikninga:

- Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
- Jónas Hafsteinsson, SFK

Varamenn:

- Arnbergur Þorvaldsson, SR
- Jónas Andrésson, SK

Mótanefnd:

- Ómar Ö. Jónsson, SA
- Jórunn Harðardóttir, SR
- Hákon Þ.Svavarsson, SFS

Varamenn:

- Finnur Steingrímsson, SA
- Elías M. Kristjánsson, SKA
- Örn Valdimarsson, SR

Dómaranefnd:

- Sigurður Áki Sigurðsson, SA
- Guðmundur Helgi Christensen, SR
- Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

- Áki H. Garðarsson, SA
- Sigurgeir Arnþórsson, SR
- Ívar Erlendsson, SÍH

Aganefnd:

- Jón S. Ólason, SKA
- Bjarni Sigurðsson, SK
- Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

- Arnbergur Þorvaldsson, SR
- Helga Jóhannsdóttir, SFS
- Sigurður Á. Sigurðsson, SA

Ritnefnd:

- Guðmundur Kr. Gíslason, SR
- Ómar Ö. Jónsson, SA
- Kjartan Friðriksson, SR

Varamenn:

- Guðrún Hjaltalín, SKA
- Bragi Þ. Jónsson, SR
- Kristvin Ómar Jónsson, SKV

Tillagan var samþykkt samhljóða

Önnur mál.

Erindi barst Skotþingi frá Markviss. Jón Kristjánsson frá Markviss skýrði frekar erindið. Megininntakið var annars vegar að það vantaði vant og þjálfað fólk í dómgæslu á mótum og hins vegar ósk um frekari leiðbeiningar um skráningu við mót sem virðist vera mistúlkað milli félaga/móta.

Formaður tók til máls varðandi skráningu á mót þar sem skýrt kom fram að skráningarreglur á mót eru reglur en ekki tilmæli. Hins vegar getur verið að eftirlitshlutverk STÍ hafi brugðist að einhverjum hluta og er það miður. Hart var lagt að félögum að fylgja þessum reglum þó að keppendum geti tekið þátt í mótum sem gestir hafi þeir ekki uppfyllt tímatakmörk skráningar.

Formaður tjáði sig einnig um stöðu þjálfunar og dómgæslu en staðan er sú núna að allt starf sem snýr að þjálfun og dómgæslu innan ISSF liggur niðri og búið að stroka yfir það starf sem áður hafði verið undirbúið innan þessa verkþátta. Sömuleiðis eru flestir sem hafa komið að þessum verkefnum á alþjóðavettvangi á undanförunum árum hættir.

Hér innanlands er hugmyndin að halda málstofu með aðildarfélögum STÍ um utanumhald móta og mótahald almennt. Ákveðnar hugmyndir hafa þegar borist STÍ og er hugmyndin að skoða þær ásamt þeim athugasemdum sem koma fram í erindi Markviss til að styrkja til framtíðar mótahaldið með betra vinnulagi og -reglum. Fleiri athugasemdir eru mjög velkomnar, sérstaklega er óskað eftir athugasemdum um hvað hægt sé að gera til að mótahald og umgjörð móta verði með sem bestum hætti.

Orðið var gefið laust og tóku nokkrir þingfulltrúar til máls.

- Gylfi Sigurðsson frá Skotfélagi Húsavíkur nefndi að mótahald væri alltaf erfitt fyrir smærri félög þar sem erfitt væri að manna dómarastöður svo að keppendur þyrftu oft að taka að sér dómgæslu sem ekki væri gott. Ítrekaði hann fyrri spurningu um hvort STÍ gæti skaffað löglega

dómara á mót. Einnig var óskað eftir að staðfesting á skráningu væri send til keppnishlutaðeigenda við fyrsta tækifæri eftir að lokað væri fyrir skráningu.

- Guðmundur gjaldkeri STÍ tók til máls og svaraði ofangreindri fyrirspurn. Skráningar eiga að berast félögum og afrit til STÍ en það er sjálfsagt að stemma þetta betur af. Nú er þetta gert þegar mótaskýrslur berast. Hann var sammála að það eigi að vera tekið harðari á skráningarfresti, þó að hann hafi sjálfur í einhverjum tilfellum horft í gegnum fingur sér ef skráning berst einhverjum mínútum of seint ef það hefur ekki haft áhrif á mótahaldið. Um að gera að fylgja reglum betur eftir og þetta er þá staðurinn til að sammælast um að það sé gert í framtíðinni.
- Jón Kristjánsson frá Markviss þakkaði fyrir svörin og ítrekaði að við gætum öll gert betur. Gott ef þetta kæmist í þennan farveg.
- Ómar frá Skotfélagi Akureyrar. Ítrekaði að fresturinn væri 5 virka daga fyrir mót.
- Guðmundur gjaldkeri STÍ tók aftur til máls varðandi dómaramál. Að æskilegt væri að fleiri dómaraefni gæfu sig fram í dómgæslu og til að öðlast réttindi þó að í augnablikinu væri ekki þær aðstæður innan ISSF að boðið væri upp á marga kosti. Minnti hann á að þjálfun dómara og þátttaka löggildra dómara fylgdu töluverð fjárútlát sem sjálfsagt væri að skoða betur.
- Formaður STÍ tók til máls varðandi dómara réttindi og þátttöku dómara sem þegar hafa gengið í gegnum dómaraþjálfun/-próf. Þessir einstaklingar (um 20 manns) hafa ekki skilað sér sem skildi til baka í dómara störf innan hreyfingarinnar þó að töluverður kostnaður hafi fallið á STÍ vegna þjálfunarinnar. Ljóst er að koma þarf reglum betur til skila til starfsmanna móta, hvað má og má ekki, en einnig þarf að taka betur á aðstæðum á keppnisstað þar sem ýmist getur eitthvað vantar upp á eða að þróun hafi átt sér stað sem gerir auknar kröfur á mótahaldið. Mismunandi er milli greina hvaða áherslur eru í forgangi en ljóst að nú er tíminn til að vinna í því að koma þessum þáttum í betra form.
- Timo frá SÍH nefndi að æskilegt væri að samræmd skorblöð væru til staðar og var tekið vel í þá hugmynd og ekki talið að það myndi þurfa mikið til að koma þessu áleiðis.

Formaður minnst síðan á þær takmarkanir sem COVID-19 hefur haft í för með sér varðandi æfingar og keppnishald. Þarna væri nauðsynlegt að fylgjast grannt með þeim tilmælum sem sett væru fram hjá stjórnvölfum og ÍSÍ og brýndi að nauðsynlegt væri að fylgja þeim eftir bestu getu. STÍ reyndi hins vegar að koma á framfæri við ÍSÍ þeim aðstæðum sem ríkja innan skotgreinarinnar þar sem mun auðveldara væri að fylgja sóttvarnareglum vegna eðli íþróttarinnar miðað við aðrar íþróttir og í flestum tilfellum væri nær alveg hægt að komast hjá smithættu.

Rætt var um erlent mótahald á næstunni. Nokkur mót eru á dagskrá á næsta ári og mun STÍ skrá á þau mót sem tilkynnt eru þó að ekki sé ljóst hvort að mótin verði endanlega haldin. Mikil óvissa er þó um allt alþjóðlegt starf á næstunni, þ.á m. quotapláss á Ólympíuleikum. Hafa þarf þetta í huga þar sem stór hluti af fjármunum STÍ koma í gegnum afreksstarf tengt Ólympíuleikum, jafnvel þó að fáir aðilar séu þar að berjast um sæti.

Mótaskrá kúlugreina verður birt en ljóst er að fyrstu mótum verður frestað. Með núverandi reglum er nær ómögulegt að halda mót. Mótum verður ekki frestað – þó að möguleiki verður að taka þau upp síðar ef sérstakar aðstæður leyfa.

Þó að einhverjir byrjunarörðugleikar hafi verið við byrjun Skotþings er ljóst að fjarfundir verða væntanlega notaðir meira til samræðu við aðildarfélag STÍ. Vel kemur til greina að formannafundur og málstofa um umgjörð móta geti verið á fjarfundaformi. Þeirri hugmynd var vel tekið af Markvissfólki.

Í lokin minnti formaður STÍ á að gleyma ekki að æfa meðan það væri hægt þó að ekki væri möguleikar á að keppa. Einnig taldi hann að ákveðin tækifæri gæfust í nýrri fjarfundartækni sem þyrfti endilega að nýta sér sem best, hvort það væri með netkeppnum eða námsskeiðum.

Halldór Axelsson formaður STÍ þakkar gott þing og slítur þingi.